

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu suðvestur af Malarriði.

1. gr.

Frá og með 3. mars 2002 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar suðvestur af Malarriði á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. $64^{\circ} 29'70 \text{ N} - 24^{\circ} 33'00 \text{ V}$
2. $64^{\circ} 30'80 \text{ N} - 24^{\circ} 26'40 \text{ V}$
3. $64^{\circ} 30'00 \text{ N} - 24^{\circ} 25'60 \text{ V}$
4. $64^{\circ} 28'60 \text{ N} - 24^{\circ} 32'00 \text{ V}$

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. mars 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Dórður Eyþórsson.